

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
181 Reykjavík
gudbjorg@umhverfisstofnun.is

11. júlí 2018

Varðar: Umsögn og athugasemdir frá Skógræktinni um Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Skógafoss.

Skógræktin vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna endurskoðunar á stjórnar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Skógafoss:

Kafli 3.4.1 Landbúnaður

Í kafla 3.4.1 er fjallað um landbúnað. Þar stendur m.a.: *Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að skógrækt vegna landgræðslu verði áfram á jaðarsvæði friðlýsta svæðisins og lagt er til að skógurinn verði grisjaður til að opna betur sýn að Skógafossi frá Þjóðvegi.*

Skógræktin bendir á að skógurinn veitir skjól fyrir gesti og byggð á Skógum gegn sunnan og suðvestan áttum. Einnig skal hafa í huga að skógurinn kemur í veg fyrir sandfok og vindhviður í hvassviðrum í norðanátt á veginum. Það er því mikilvægt að skoða málið frá fleiri sjónarhornum áður en ráðist er í það verk að grisja skóginn til ópurftar.

Í kafla 3.4.1 stendur ennfremur: *Ekki er gert ráð fyrir að frekari skógrækt verði innan náttúruvættisins.*

Skógafoss er á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir svæði í hættu vegna mikillar ásóknar ferðamanna að svæðinu. Skógræktin vekur athygli á þeim tækifærum sem felast í skógrækt með staðbundnum tegundum innan náttúruvættisins í anda stefnu Umhverfisstofnunar. Gera ætti áætlun um hvar skuli á eða gróðursetja birki til að stuðla að endurheimt landgæða, varanlegri landgræðslu og jarðvegsvæðis, t.d. meðfram göngustígum og til þess að afmarka þá. Mætti í því tilliti líta til þeirra aðferða sem þróaðar hafa verið í Hekluskýgaverkefninu og reynast vel við að endurheimta birkiskógavistkerfi á viðkvæmum svæðum í nágrenni eldfjalla og jökla. Slík endurheimt er í anda alþjóðlegra samþykka og stefnu ríkisstjórnarinnar um endurheimt vistkerfa, loftslagssamninga sem og stefnu um kolefnishlutlaust Íslands árið 2040.

Um nágrenni náttúruvættisins Skógafoss má segja að gróður- og jarðvegseyðing á Skógaheiði er mikil og ljóst að brýnt er að stöðva þar virkt rof t.d. með því að loka rofabörðum og moldum víða á heiðinni eins og lagt er til í áætluninni. Skógræktin telur ljóst að eina leiðin til að vernda jarðveg og gróður á svæðinu varanlega er að friða landið fyrir beit og stuðla að endurheimt birkiskóga. Fyrir á öldum uxa þar birkiskógar eins og örnefnið „Skógar“ bendir til og er það eitt af meginmarkmiðum Skógræktarinnar að endurheimta þá sem víðast. Má benda á þá staðreynd að á svæðinu mældust mestu sandstormar sem mælst hafa á jörðinni í kjölfar Eyjafjallajökulsgossins og er ljóst að öskufall mun verða á svæðinu á næstu árum eða áratugum enda svæðið á afar virku eldfjallasvæði. Slíkir sandstormar hafa mikil og neikvæð áhrif á staðargróður sem þolir alls ekki slík áföll.

Í þessu ljósi vil Skógræktin benda á að þær aðgerðir sem Umhverfisstofnun leggur til í gróðurvernd duga skammt til lengri tíma til að endurheimta birkiskóga á svæðinu og leggur til að það verði endurskoðað með það markmið í huga að rækta þar birki.

Skógræktin óskar eftir góðu samstarfi við Umhverfisstofnun um að vernda og stuðla að vexti íslensku birkiskóganna, bæði innan friðlýstra svæða þar sem það á við og í næsta nágrenni þeirra.

Að lokum vekur Skógræktin athygli á því að 1. júlí 2016 sameinuðust Skógrækt ríkisins og landshluta-bundnu skógræktarverkefnið fimm í nýja stofnun, Skógræktina. Heitið „Skógrækt ríkisins“ er því ekki lengur notað. Stofnunin heitir **Skógræktin**. Vinsamlega lagfærið texta þar að lútandi.

Virðingarfyllt,
f.h. Skógræktarinnar,

Hrefna Jóhannesdóttir

Hrefna Jóhannesdóttir, skipulagsfulltrúi
hrefna@skogur.is
Gamla-Gróðrarstöðin,
Krókeyri, 600 Akureyri
gsm: 626-1016